

*Aukafundur amtsráðsins í vesturumdeginu 30. dag ágústm. 1877.*

Fundurinn var haldinn í Reykjavík undir forsæti amtmannsins í vesturamtinu, og mættu á fundinum sem kosnir fulltrúar: prófastur Guðmundur Einarsson og alþingismaður Hjálmur Pjetursson.

Þessi málefni komu til umræðu á fundinum:

1. Var staðfest reglugjörð fyrir Dalasýslu um grenjaleitir, notkun afrjetta, fjallskil og rjettarhöld m. m. Reglugjörð þessi er að öllu samhljóða reglugjörð, er amtsráðið staðfesti fyrir nefnda sýslu 22. júní f. á., nema að því leyti, að inn í hina nýju reglugjörð er bætt einni grein, 32. gr., um meðferð á ótömdum hrossum.
2. Í sambandi við umræðurnar á síðasta fundi var íhugað, hvað gjöra skyldi viðvíkjandi endurbótum á þakinu á fangahúsinu í Stykkishólmi. Forsæti skýrði frá að eptir álitu byggingarfróðra manna, sem hann hefði ráðfært sig við, mundi eigi til-tækilegt, að hafa spónpak á húsinu, nema því að eins, að undir spónpakíð væri lagt gott borðapak, sem helzt ætti að vera skarsúð. Með því amtsráðið áleit, að eigi mundi óumflýjanlega nauðsynlegt, að aðgjörð á þakinu færi fram þegar nú í haust, og með því hentugur borðviður mundi ekki fánlegur nú sem stendur, var ákveðið að fresta aðgjörðinni fyrst um sinn til næsta sumars; en nauðsynlegt eptirlit með húsinu og umhirðing á því hefir verið falið á hendur áreiðanlegum manni.
3. Eptir uppástungu forseta var ákveðið, að leita styrks úr landssjóði handa bókasafni vesturamtsins, sem er í Stykkishólmi, og skyldi verja þeim styrk, ef fengist, sum-part til að útvega skápa til að setja bækurnar í, og herbergi til að láta skápana standa í, og sumpart til að kaupa nýjar bækur. Svo var og ákveðið, að breyta hinum eldri reglum um útlán bókana, þannig, að greiða skyldi árlegt gjald, sem fyrst um sinn skyldi vera ein króna, fyrir að fá bækur lánaðar úr safninu. Það var enn fremur ákveðið, að fela prófasti Eiríki Kuld og verzlunarstjóra Daníel Thor-lacius á hendur stjórn safnsins.

Reykjavík, 24. dag septemberm. 1877

*Bergur Thorberg.*

## Stjórnarbrjef og auglýsingar.

Verðlagsskrá

sem gildir

*í Nordurmúlasýslu og Sudurmúlasýslu frá miðju maímánaðar 1877 til jafalengdar 1878.*

A. Fríður peningur:		Krónumynt.		Hundrað.		Alin.	
		Kr.	Aur.	Kr.	Aur.	Kr.	Aur.
1.	1 ♂ 1 kýr, í fardögum, ekki yngri en þrjúvetur og ekki eldri en 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvemberloka	82	32	82	32	»	68½
2.	— 6 ær, í fardögum, ekki yngri en tvævetra og ekki eldri en 6 vetra, loðnar og lemdar . . . . . hver á	13	53	81	18	»	68
3.	— 6 sauðir, á hausti, þrjúvetrir, eða 4 vetra, eða 5 vetra . . . . . — —	17	61	105	66	»	88
4.	— 8 sauðir, á hausti, tvævetrir . . . . . — —	14	6½	112	52	»	94
5.	— 12 — — — veturgamlir — —	10	12½	121	50	1	1
6.	— 8 ær — — geldar . . . . . — —	13	43½	107	48	»	89½

		Krónmynt.		Hundrað.		Alin.		114		
		Kr.	Aur.	Kr.	Aur.	Kr.	Aur.			
<i>A. Friður peningur :</i>										
7.	1	œ	10 ær, á hausti, mylkar . . . . .	hver á	9	17	91	70	"	76
8.	—	—	1 áburðarhestur, í fardögum, taminn, ekki yngri en 5 vetra og ekki eldri en 12 vetra . . . . .		79	40	79	40	"	66
9.	90	álnir, 1 hryssa, jafngömul . . . . .			68	49 <sup>1/2</sup>	91	32	"	76
<i>B. Ull, Smjör og tólg :</i>										
10.	1	œ	120 pd. af hvítri ullu, vel þveginni, 1 pd. á		"	86	103	20	"	86
11.	—	—	120 — — mislitri — — — — —		"	60 <sup>1/2</sup>	72	60	"	60 <sup>1/2</sup>
12.	—	—	120 — — af súru smjöri, vel verkuðu	1 pd. á	"	64	76	80	"	64
13.	—	—	120 — — af tólg, velbræddri — — —		"	33	39	60	"	33
<i>C. Tóvara af ullu :</i>										
14.	1	œ	30 pund hespugarns, og sju 3, 4, 5, eða 6 hespur í pundi, haldi hver 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði	1 pund á	"	"	"	"	"	"
15.	—	—	60 pör eingirnissokka . . . . .	1 par á	"	"	"	"	"	"
16.	—	—	30 — tvíbands-gjaldsokka — — —		"	66	19	80	"	16 <sup>1/2</sup>
17.	—	—	120 — tvíþumlaðra sjóvetlinga — — —		"	28	33	60	"	28
18.	—	—	20 eingirnipeisur . . . . .	hver á	"	"	"	"	"	"
19.	—	—	15 tvíbands-gjaldpeisur . . . . .		"	"	"	"	"	"
20.	—	—	120 álnir gjaldvoðar-vaðmáls álnarbreiðs	1 alin á	1	38	165	60	1	38
21.	—	—	120 — gjaldvoðar-einskeptu, sem er alin eða 5 kvartil á breidd . . . . .	1 alin á	1	7	128	40	1	7
<i>D. Fiskur :</i>										
22.	1	œ	6 vættir af saltfiski . . . . .	1 vætt á	11	20	67	20	"	56
23.	—	—	6 — — hörðum fiski . . . . .		12	39	74	34	"	62
24.	—	—	6 — — smáfiski . . . . .		10	34 <sup>1/2</sup>	62	7	"	52
25.	—	—	6 — — ýsu . . . . .		9	24	55	44	"	46
26.	—	—	6 — — hákarli hertum . . . . .		8	23	49	38	"	41
<i>E. Lýsi :</i>										
27.	1	œ	1 tunna hvallýsis . . . . .	8 pottar á	3	8	46	20	"	38 <sup>1/2</sup>
28.	—	—	1 — hákarllýsis . . . . .		3	4	45	60	"	38
29.	—	—	1 — sellýsis . . . . .		2	81	42	15	"	35
30.	—	—	1 — þorskalýsis . . . . .		2	53	37	95	"	31 <sup>1/2</sup>
<i>F. Skinnavara :</i>										
31.	1	œ	4 fjórðungar nautskinnis . . . . .	1 fjórð. á	12	56 <sup>1/2</sup>	50	26	"	42
32.	—	—	6 — kýrskinnis . . . . .		11	20	67	20	"	56
33.	—	—	6 — hross-skinns . . . . .		8	88	53	28	"	44
34.	—	—	8 — sauðskinnis, af tvævetrum sauðum og eldri 1 fjórð. á		6	2	48	16	"	40
35.	—	—	12 — sauðskinnis, af ám og veturgl.sauðum — — —		4	86	58	32	"	48 <sup>1/2</sup>
36.	—	—	6 — selskinns . . . . .		9	99	59	94	"	50
37.	—	—	240 lambskinn (vorlamba) einlit	hvert á	"	23	55	20	"	46

114

		Krónumynt.		Hundrað.		Alin.	
		Kr.	Kr.	Kr.	Aur.	Kr.	Aur.
<i>G. Ýmistlegt:</i>							
38.	1 $\sigma$ 6 pd. af æðardúni, vel hreinsuðum 1 pd. á	18	19	109	14	"	91
39.	— 40 — — — — — óhreinsuðum — — —	"	"	"	"	"	"
40.	— 220 — — — fuglafíðri . . . . . 1 fjórð. á	8	48	101	76	"	85
41.	— 480 — — fjallagrösum . . . . . — — —	1	"	48	"	"	40
42.	5 álnir, 1 dagsverk um heyannir . . . . .	2	52	"	"	"	50
43.	— 1 lambsfóður . . . . .	3	98	"	"	"	79 $\frac{1}{2}$

Meðalverð á hverju hundradi og hverri alin í nefndum landaaurum verður:

<i>Eptir A</i>	<i>æða í fríðu</i> . . . . .	97	1	"	81
— <i>B</i>	<i>— í ullu, smjöri og tólg</i> . . . . .	73	5	"	61
— <i>C</i>	<i>— í tóvöru af ullu</i> . . . . .	86	85	"	72
— <i>D</i>	<i>— í fiski</i> . . . . .	61	68 $\frac{1}{2}$	"	51
— <i>E</i>	<i>— í lýsi</i> . . . . .	42	97 $\frac{1}{2}$	"	36
— <i>F</i>	<i>— í skinnavöru</i> . . . . .	56	5	"	47
En meðalverð allra landaura saman talin . . .		417	62	3	48
og skipt með 6 sýna:					
<b>meðalverð allra meðalverða</b> . . . . .		69	60	"	58

Akureyri 7. aprílmánaðar 1877.

Í umboði herra biskupsins

*Christiansson. Davíð Guðmundsson.*  
settur.

**115** — *Brjef* ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um smíðagalla á fangelsunum á Eskifirði og Ísafirði. — Þegar fangelsi það, er Klentz timburmeistari gjörði á Eskifirði, var tekið út, var þess meðal annars getið, að grundvöllurinn undir fangelsinu væri eigi vel lagður, og að millilopt vantaði í það. Nú hefur sýslumaðurinn í Suðurmúlasýslu skýrt svo frá í brjefi, er hann sendi hingað beina leið, að hann hafi varið 70 kr. til að laga grundvöllinn, og lagt það til, að Klentz timburmeistari endurgjaldi þetta, og eins að hann bæti andvirði milliloptsins, sem nú verður eigi lagt, þannig, að því fje sje varið til að gjöra við ýmsa galla á fangelsinu. Ráðgjafinn hefir síðan eptir samkomulagi við Klentz timburmeistara haldið eptir af hinni umsömdu borgun fyrir að smíða fangelsið bæði fyrgreindum 70 kr. og 58 kr. 41 a., sem eptir áætluninni er það sem milliloptið mundi hafa kostað, og er yður veitt heimild til að láta greiða þetta hvorttveggja, samtals 125 kr. 41 a., úr jarðabókarsjóði hlutaðeigandi amtsráði, til þess að því verði varið, eins og að framan er til tekið.

Að því er snertir fangelsið á Ísafirði, þá var eigi getið neinna galla á því, þegar það var tekið út, heldur lýsti sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu yfir því, að húsið væri í fullkomnu standi. En er tjeður sýslumaður samt sem áður kom með skýrslu um, að nokkrir gallar væri á húsinu, eins og yður er kunnugt, herra landshöfðingi, ljet Klentz timburmeistari bæta úr sumum þeirra árið sem leið, og eins ætlar hann nú að senda með póstskipinu Díönu til Ísafjarðar loptpípur í gluggana í klefunum, þar eð gluggunum verður eigi lokið upp. Með því að auk þess vantaði líka millilopt í þetta fangelsi, hefir Klentz timburmeistari tjáð sig fúsan á að draga 55 kr. 41 a. frá borguninni fyrir þetta fangelsi, og eruð þjer beðnir að láta greiða þetta úr jarðabókarsjóðnum hlutaðeigandi amtsráði, og má þá hafa það til að gjöra við fangelsið.

115

5. sept.